

Ed.

798. Frumvarp til laga

[448. mál]

um breytingu á lögum nr. 60/1984, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987–88.)

1. gr.

Aftan við 81. gr. laganna bætast svohljóðandi málsgreinar:

Prátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur ráðherra heimilað eftir tillögu viðkomandi byggingarflokks og að fenginni umsógn stjórnar byggingarsamvinnufélags að byggingarflokkur sem heild segi sig úr félaginu. Slík úrsögn úr byggingarsamvinnufélagi getur þó aldrei átt sér stað fyrir en fimm árum eftir að byggingarsamvinnufélagið hefur lokið framkvæmdum enda hafi uppgjör byggingarflokksins farið fram og allir byggjendur hans séu skuldlausir við félagið.

Enda þótt heimild skv. 3. mgr. verði veitt geta einstakir íbúðareigendur eftir sem áður verið félagar í byggingarsamvinnufélaginu enda komi fram sérstök viljayfirlýsing þeirra þar að lútandi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að einstaka byggingarflokkum verði heimilað að segja sig úr byggingarsamvinnufélagi.

Gildandi lagaákvæði um byggingarsamvinnufélög taka mið af þeim tímum þegar byggingarsamvinnufélög áttu kost á að gefa út skuldabréf með ríkisábyrgð. Eðlilegt var meðan sá háttur var hafður á að byggjendum væri óheimilt að segja skilið við byggingarsamvinnufélagið, a.m.k. ekki fyrr en full skil höfðu verið gerð á slíkum skuldum.

Nú á fjármögnun húsnæðis á vegum byggingarsamvinnufélaga sér stað með allt öðrum hætti en áður þannig að segja má að ládst hafi að færa lög til nútímahorfs því til samræmis.

Þegar íbúðareigandi, sem byggt hefur íbúð á vegum byggingarsamvinnufélags, hefur staðið skil á öllum sínum fjárhagslegu skuldbindingum gagnvart félaginu má segja að sameiginlegir hagsmunir séu ekki lengur til staðar nema sá hinn sami hugsí sér að byggja aftur á vegum félagsins eða hann vilji af öðrum ástæðum vera áfram félagsmaður. Það virðist því ekki þjóna neinum tilgangi að halda í lagafyrirmæli sem þvinga fólk til veru í félagsskap sem hefur ekki lengur raunhæft gildi fyrir það en hefur í för með sér vafstur og fyrirhöfn við eigendaskipti á viðkomandi íbúðum.

Rétt þykir að nokkur tími líði frá því að byggingarhlutverki félagsins er lokið og þar til byggingarflokkurinn geti sem heild sagt sig úr félaginu til þess m.a. að íbúðaeigendur (byggjendur) geti sem best gert sér grein fyrir stöðu sinni gagnvart félaginu.

Ekki þykir rétt að svo komnu máli að gefa þetta alveg frjálst heldur leggja það í vald ráðherra að meta í hverju tilviki hvort ástæða sé til að heimila byggingarflokki að segja sig úr byggingarsamvinnufélagi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að sett verði heimildarákvæði þess efnis að byggingarflokkur innan byggingarsamvinnufélags geti í heild sinni sagt sig úr félaginu enda teljist tengsl íbúðareigenda innan byggingarflokksins við félagið orðin lítil. Það á við þegar eftirfarandi aðstæður eru fyrir hendi:

- byggingarsamvinnufélagið hefur lokið öllum byggingarframkvæmdum og engar framkvæmdir verið á vegum félagsins sl. fimm ár,
- lokauppgjör byggingarflokksins við félagið hefur farið fram,
- allir íbúðareigendur eru skuldlausir við félagið.

Þegar framangreindar aðstæður eru fyrir hendi má ljóst vera að tengsl íbúðareigenda við félagið eru orðin lítil sem engin og því þykir rétt að opna þann möguleika að þeir íbúðareigendur, sem óska þess að losna úr tengslum við félagið, eigi kost á því. Þeim sem hins vegar kjósa að vera áfram félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi er það heimilt, enda láti þeir í ljós vilja sinn um það með sérstakri yfirlýsingu.

Lagt er til að beiðni um úrsögn byggingarflokks úr félaginu verði lögð fyrir félagsmálaráðherra sem metur hverju sinni hvort við henni verði orðið.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.